

**Nr. 073 / 15 Jötunn****Fallslys**

Skipaskr.nr. 2756  
Smíðaður: Gorinchem Holland 2008, stál  
Stærð: 86 brl. 95,7 bt.  
Mesta lengd: 19,44 m Skráð lengd: 17,77 m  
Breidd: 7,3 m Dýpt: 3,39 m  
Vél: Caterpillar 1492 kW, 2007  
Fjöldi skipverja: 2



Jötunn©Guðmundur St. Valdimarsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 10. mars 2015 var dráttarbáturinn Jötunn að störfum í Reykjavíkurböfn. Veður: A 25-30 m/s og alda.

Verið var að fara með hafnsögumann út í gámaskipið 3 Oak við 7 bauju og var hann kominn ofarlega í lóðsleiðarann þegar hann missti takið á honum. Hann féll aftur fyrir sig og lenti á brík fyrir utan lunningu á Jötni. Þrátt fyrir lemstrun við fallið tókst honum að komast um borð í annarri tilraun og leiðbeindi skipinu til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að mjög slæmt veður var þegar Jötunn kom að skipinu og var búið að reyna að snúa skipinu til að fá skjól fyrir hafnsögubátinn og lóðsleiðarann án árangurs;
- að sögn hafnsögumannsins var leiðarinni í lagi og lá niður úr hliði á síðu skipsins;
- að þegar hafnsögumaðurinn var að koma um borð í skipið greip hann í stöng með hægri hendinni en missti tak á báðum höndum og féll aftur fyrir sig niður í hafnsögubátinn;
- að slasaði taldi fallið hafa verið 5 metrar;
- að skipverjar voru staðsettir við leiðarahliðið til að taka á móti hafnsögumanninum;
- að fimm mánuðum síðar komu afleiðingar slyssins í ljós.

*Nefndarálit:*

Orsök slyssins er sú að slasaði missti handfestu við afar erfiðar aðstæður.

Nefndin telur að í ljósi veðurs hefði átt að fresta því að setja hafnsögumann um borð í skipið þar til aðstæður leyfðu örugga uppgöngu í skipið.

Nefndin telur mikilvægt að settar verði reglur um mörk þess hvenær hafnir teljast ófærar vegna þess að hafnsögumenn komist ekki af öryggi upp í skip.